

Það var einu sinni stelpa sem
átti tígrisdýrainniskó

og stjörnur í loftinu

og fiðrildaspennu sem hún var
alltaf að missa

og tvo gullfiska

og sæta mömmu sem hjálpaði henni að
búa til pappírsbrúðuröð.

Þau hétu Stína og Sturla
og öfugsnúna Helena,
Elvar og Erla
með bláu slaufuna.

Og þau dönsuðu

og þau hoppuðu

og þau sungu.

Og þau rákust á risaeðlu
sem rak upp öskur og urraði:
„Ég ætla að éta ykkur! “

En pappírsbrúðubörninn sungu:
(*Við erum söngvasveinar*)

„Þú nærð okkur aldrei, ó nei, ó nei, ó nei!
Við höldumst öll í hendur og sleppa viljum ei!
Við erum Stína og Sturla og öfugsnúna Helena,
Elvar og Erla með bláu slaufuna. “

Og þau stukku...

...upp á rauðan strætó

og óku upp í sveit
og dönsuðu við grísina.

Þá lögðust þau upp á þak og horfðu á
stjörnurnar

þar til að tígrisdýr kom út úr helli sínum
og urraði ógnandi að þeim:

„Nú stekk ég upp og ét ykkur! “

En pappírsbrúðubörnin sungu:

„Þú nærð okkur aldrei, ó nei, ó nei, ó nei!

Við höldumst öll í hendur og sleppa viljum ei!

Við erum Stína og Sturla og öfugsnúna Helena,

Elvar og Erla með bláu slaufuna. “

Og svo létu þau sig svífa...

...niður stigann

og dönsuðu svo í kringum

hunangskrukkuna

og leituðu að fjársjóði á eyðieyju

Þar til grimmur krókódill sýndi tennurnar
og skellti saman skoltinum
og sagði: „Nú kem ég og ét ykkur “.

En pappírsbrúðubörnin hlógu og sungu:

„Þú nærð okkur aldrei, ó nei, ó nei, ó nei!
Við höldumst öll í hendur og sleppa viljum ei!

Við erum Stína og Sturla og öfugsnúna Helena,
Elvar og Erla með bláu slaufuna. “

Og þau hoppuðu...

...út í garð

þar sem þau þefuðu af blómunum
og spjölluðu við maríuhænu

og lögðust niður í háa grasið,
sem var skógurinn þeirra.

En þá kom strákur með stór
skæri og sagði: „Ég ætla að
KLIPPA ykkur! “

Og það gerði hann.

Hann klippti þau í lítil pappírssnifsi og
sagði: „Núna eruð þið horfin að eilífu. “

En pappírsbrúðubörnin sungu:

„Við erum ekki horfin, ó nei, ó nei, ó nei!
Við höldumst öll í hendur og sleppa viljum ei!
Við erum Stína og Sturla og öfugsnúna Helena,
Elvar og Erla með bláu slaufuna. “

Og pappírssnifsin tengdust öll saman
og pappírsbrúðurnar svifu ...

... inn í furðulegan skóg
sem var fullur af alls konar dóti eins og hvítum músum
og flugeldum og krossfiskasápu og gamalli ömmu
og fiðrildaspennu og fleiri og fleiri sniðugum hlutum á
hverjum degi og með hverju árinu sem leið.
Því að þessi skógur var gerður úr minningum stelpunnar.

Og stelpan stækkaði...
og varð að mömmu

sem hjálpaði sinni eigin litlu stelpu
að búa til pappírsbrúðuröð.

Þau hétu Fríða og Finnur
og fléttulanga Rebekka,
Eiríkur og Unnur
með rauðu slaufuna.

Og þau hoppuðu

og þau dönsuðu

og þau sungu.